



Fræðsluráð Hafnarfjarðar
Magnús Baldursson, fræðslustjóri
Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður

Hafnarfjörður, 9. október 2012

Kostnaðaráætlun Foreldraráðs Hafnarfjarðar árið 2013.

Starfsemi Foreldraráðs Hafnarfjarðar hefur á undanförunum árum verið styrkt af Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar með frábærum árangri. Ýmisleg málefni og verkefni Foreldraráðs hafa komist á koppinn með fjárstuðningi, góðum samskiptum við fræðslustjóra, þróunarfulltrúa grunnskóla, fræðsluráð í heild sinni hvað varðar fyrirlestra, heimasíðugerð, tölvupóstfang og almennar fyrirspurnir og umræður um skólamál. Til að auðvelda umsýslu fjárbeiðna Foreldraráðs leggur Foreldraráð fram kostnaðaráætlun fyrir árið 2013 þar sem áætluð verkefni Foreldraráðs eru tekin saman og kostnaður sem þeim nemur sömuleiðis. Þetta er gert til að auðvelda alla umsýslu við styrki sem Skólaskrifstofa og/eða fræðslusvið styrkir Foreldraráð við. Með því að leggja fram kostnaðaráætlun fyrir árið 2013 er von okkar að hægt sé að taka mið af henni í fjárhagsáætlanagerð bæjarins fyrir árið 2013 .

Þegar tekin eru saman fyrirhuguð verkefni Foreldraráðs Hafnarfjarðar fyrir árið 2013 er kostnaður þeirra metinn á kr. 500.000.-

Fyrirhuguð verkefni Foreldraráðs er fundur með forsvarsmönnum íþróttafélaga, tómstundafélaga og félagsstarfa í janúar 2013, fræðslufyrirlestrar fyrir foreldra grunnskólabarna í Hafnarfirði í janúar, apríl og október 2013 en greiða þarf fyrir fyrirlesara og veitingar. Foreldraviðurkenning Foreldraráðs er fastur liður í starfsemi Foreldraráðsins en hún er haldin í maí ár hvert en kostnaður liggur í verðlaunagrip, viðurkenningaskjölum í ramma og veitingum. Ýmis málþing og ráðstefnur eru einnig fastir liðir eins og fulltrúaráðsfundur Heimilis og skóla, Skólalæping sambands íslenskra sveitarfélaga og fleiri áhugaverð erindi sem fjalla um málefni skólasamfélagsins og aðkomu foreldra að því.

Virðingarfyllt

f.h. Foreldraráðs Hafnarfjarðar

Jóhanna Sveinbjörg B. Traustadóttir
talsmaður